

## GJALDSKRÁ

### RARÍK ohf. fyrir sölu á heitu vatni.

#### 1. Sala á heitu vatni

			án vsk	án vsk, m. 2% auðlindaskatti	með 11% vsk	
<b>Seyðisfjörður og Höfn:</b>						
<b>H1</b>	Fastagjald	kr./ár	34.232	34.917	38.758	Íbúðarhús
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	94,52	96,41	107,02	
	Orkugjald	kr./kwh	6,89	7,02	7,80	
<b>H2</b>						
	Fastagjald	kr./ár	34.232	34.917	38.758	Annað en íbúðarhús, án niðurgr.
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	94,52	96,41	107,02	
	Orkugjald	kr./kwh	7,20	7,35	8,16	
<b>H23</b>						
	Fastagjald	kr./ár	34.232	34.917	38.758	Stórnot/sundlaugar, án niðurgr.
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	189,96	193,75	215,07	
<b>Siglufjörður:</b>						
<b>H4</b>	Fastagjald	kr./ár	31.487	32.116	35.649	Hús með upphitun
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	169,79	173,19	192,24	
<b>Dalabyggð:</b>						
<b>H6</b>	Fastagjald	kr./ár	33.439	34.108	37.859	Hús í þéttbýli
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	180,32	183,93	204,16	
<b>H61</b>	Fastagjald	kr./ár	20.437	20.845	23.138	
	Hemilgjald	kr./l/mín/ár	40.876	41.693	46.279	Hús í dreifbýli
<b>H63</b>	Fastagjald	kr./ár	20.437	20.845	23.138	
	Hemilgjald	kr./ár	221.397	225.825	250.666	Lögbýli, 25 kW
<b>Blönduós/Skagaströnd:</b>						
<b>H7</b>	Fastagjald	kr./ár	33.439	34.108	37.859	Hús í þéttbýli og við stofnlögn
	Vatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>	180,32	183,93	204,16	
<b>H71</b>	Fastagjald	kr./ár	20.437	20.845	23.138	
	Hemilgjald	kr./l/mín/ár	40.876	41.693	46.279	Hús í dreifbýli

Minnsta sölumagn um hemil eru 3 l/mín.

Veittur er afsláttur af vatnsgjaldi í þéttbýli á Siglufirði og á Blönduósi/Skagaströnd 2,5% og í Dalabyggð 2,5% fyrir hverja gráðu sem hitastig vatnsins við mælagrind húsa er undir 70°C.

Afsláttur getur mestur tekið mið af hitafalli að 50°C.2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur

## 2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur

### 2.1 Niðurgreiðslur

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: [www.os.is](http://www.os.is).

### 2.2 Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur á húshitun er 11%. Virðisaukaskattur á tengigjöld til húshitunar er 11%, önnur tengigjöld bera 24% vsk. Virðisaukaskattur af þjónustu ræðst af veitutaxta.

### 2.3 Umhverfis og auðlindaskattur

Skattur á smásöluverð af heitu vatni er 2%.

## 3. Tengigjöld

### 3.1 Tengigjöld í þéttbýli

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 390.000 kr. án vsk. Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 100.890 kr. án vsk.

### 3.2 Takmörkun

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi og hafna stækkun ef orkuöflun gefur tilefni til.

### 3.3 Aukakostnaður

Sé fyrrisjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

### 3.4 Tengigjöld í dreifbýli og fullbúnum götum, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og við fullfrágengnar götur svo og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

### 3.5 Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 1 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H.1 fyrir þann tíma sem liðið er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 34.275 kr. án vsk.

### 3.6 Annað

Heimæðar eru í eigu RARIK en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

## 4. Þjónusta

### 4.1 Vanskilainnheimta VII00

Gjald lagt á útsendingu innheimtubrúefs samkvæmt 6. gr. reglugerðar 37/2009, um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum.

### 4.2 Veitulokun VI200

Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma	kr./lokun	17.652
Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma	kr./opnun	0
Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma	kr./opnun	35.301

Innheimtugjald vegna vanskila: Gjald fyrir lokun veitu þar sem að grafa þarf niður á lögn 150.000

### 4.3 Mælaálestrar VP100

Reglubundnir álestrar	kr./álestur	0
Aukaálestur starfsmanns veitu	kr./álestur	7.353
Aukaálestur, sjálfsálestur notanda	kr./álestur	0

4.4	<i>Útkall VP300</i>		
	Útkall á vinnutíma	kr./útkall	17.652
	Útkall utan vinnutíma	kr./útkall	35.301
4.5	<i>Seðilgjald</i>		
	Seðilgjald	kr./reikn.	236

Öll verð eru með 24% vsk

## 5. Almennar skýringar

### 5.1 Innheimtugjald

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

### 5.2 Lokunargjald

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

### 5.3 Aukaálestrar

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á heimasíðu RARIK.

### 5.4 Útkall

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

### 5.5 Greiðslumátagjöld

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

## 6. Gildistaka og brottfall eldri gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn RARIK ohf., sbr. 6. gr. laga nr. 25/2006, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að taka gildi 1. ágúst 2018. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá RARIK ohf. sama efnis nr. 1205/2014.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. júlí 2018.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*